

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps vegna íbúðarbyggðar og
verslunar- og þjónustusvæðis í landi Eyrar í Kjós.

Skipulagsstofnun staðfesti 27. nóvember 2024 breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 sem samþykkt var í sveitarstjórn 4. september 2024.

Í breytingunni felst breyting á almennum ákvæðum fyrir íbúðarbyggð og landbúnaðarsvæði, stækkun íbúðarbyggðar (ÍB8) úr 20 ha í 53,5 ha fyrir allt að 48 lóðir og nýtt 8,1 ha verslunar- og þjónustusvæði (VP9) með heimild fyrir allt að 30 gistirúmum ásamt tjaldsvæði í landi Eyrar í Kjós.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 27. nóvember 2024.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 11. desember 2024